



Aðalfundur Nýrnafélagsins
2. maí 2023 boðaður kl. 18:00
Haldinn að Sigtúni 42 og á Teams

Fundargerð

- 1. Setning fundar**
 - a. Helga J. Hallgrímsdóttir setti fundinn
- 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara**
 - a. Fundarstjóri var kosinn Guðrún Barbara Tryggvadóttir framkvæmdastjóri félagsins og ritari var kosinn Agnes Eir Ölundardóttir ritari félagsins. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- 3. Innskot – óundirbúinn dagskrárliður**
 - a. Bertha Ársælsdóttir næringarfræðingur kynnti sig og sitt starf fyrir Nýrnafélagið
- 4. Lestur fundargerðar síðasta aðalfundar**
 - a. Agnes Eir Ölundardóttir las upp fundargerð síðasta aðalfundar, engar athugasemdir gerðar og fundargerð samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og lögð í skjalasafn.
- 5. Skýrsla stjórnar**
 - a. Helga J. Hallgrímsdóttir las skýrslu stjórnar. Fór yfir markmið félagsins og baráttumál á starfsárinu, ásamt öðrum upplýsingum um starfsemi félagsins. Fyrirhuguð þýðing á kokkabókum kynnt fyrir félögum og gerð stuttlega grein fyrir NNS samstarfi. Engar athugasemdir gerðar.
- 6. Ársreikningur félagsins skýrður og lagður fram til samþykktar**
 - a. Guðrún Barbara Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri félagsins las ársreikning félagsins og skýrði frá helstu gjaldaliðum. Engar athugasemdir gerðar og ársreikningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
- 7. Ársreikningur styrktarsjóðsins skýrður og lagður fram til samþykktar**
 - a. Guðrún Barbara Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri félagsins las ársreikning styrktarsjóðs og skýrði frá. Engar athugasemdir gerðar og ársreikningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
- 8. Skýrslur starfshópa**
 - a. Engir starfshópar voru starfandi
- 9. Lagabreytingar**
 - a. Engar lagabreytingar gerðar
- 10. Kosning stjórnar**
 - a. Guðfinna Hallgrímsdóttir varamaður gekk úr stjórn
 - b. Ný stjórn var kosin fyrir 2022-2023 og er sem hér segir:
 - i. Helga J. Hallgrímsdóttir, formaður

- ii. Sigríður Ragna Jónasdóttir, meðstjórnandi kosin í þriðja sinn með öllum greiddum atkvæðum
- iii. Gísli Steinn Pétursson, meðstjórnandi kosinn í þriðja sinn með öllum greiddum atkvæðum
- iv. Helga Guðrún Loftsdóttir, meðstjórnandi kosin í annað sinn með öllum greiddum atkvæðum.
- v. Agnes Eir Önundardóttir, meðstjórnandi kosin í annað sinn með öllum greiddum atkvæðum.
- vi. María Dungal, gaf kost á sér sem varamaður, kosin í fjórða sinn með öllum greiddum atkvæðum.
- vii. Nanna Baldursdóttir, gaf kost á sér sem varamaður, kosin í **fyrsta sinn** með öllum greiddum atkvæðum.

11. Kosning endurskoðanda til tveggja ára

- a. Endurskoðandinn Vilhjálmur Guðni Vilhjálmsson hjá Uppgjör og skattskil samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

12. Ákvörðun um félagsgjald

- a. Stjórn gerir tillögu um óbreytt árgjald sem samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum.

13. Önnur mál

- a. Gunnhildur Heiða Axelsdóttir fjölskyldumeðferðarfræðingur kynnti sig og starf sitt í þágu Nýrnafélagsins og félaga þess.
- b. Helga J. Hallgrímsdóttir þakkaði Guðfinnu Hallgrímsdóttur fyrir vel unnin störf í þágu Nýrnafélagsins fyrir hönd núverandi stjórnar og mun færa henni gjöf frá Nýrnafélaginu.
- c. Stjórn lagði fyrir fundinn drög að ályktun til að leggja fyrir fjölmiðla í kjölfar kosninga.
 - i. **Helsta orsök nýrnabilunar á Íslandi er of hár ómeðhöndlaður blóðþrýstingur sem veldur auk þess mörgum öðrum alvarlegum sjúkdómum.**

Nýrnafélagið skorar á heilbrigðisyfirvöld að hefja vitundavakningu meðal heilbrigðisstarfsmanna til að tryggja að blóðþrýstingur sé ávallt mældur í öllum læknisheimsóknum í heilbrigðiskerfinu öllu.

Mæling á blóðþrýstingi er einföld og ódýr í framkvæmd en því miður hafa margir einstaklingar verið með vangreindan háan blóðþrýsting í langan tíma sem endar með nýrnabilum.

Tökum á málinu og útrýmum vangreindum háum blóðþrýstingi.

Ályktunin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

- d. Skipuð var göngunefnd á vegum Nýrnafélagsins, sem mun sjá um göngur félagsins annan hvern miðvikudag og annan hvern fimmtudag. Í nefndina voru skipaðir:
 - 1. Birgir Johnsson og Sigurjón Sveinsson
- e. Varaformaður ÖBÍ kom og kynnti starfsemi ÖBÍ fyrir fundargestum.

- f. Fundargestir lýstu yfir ánægju sinni með kraftinn í félaginu. Fram kom uppástunga um að stofna hóp sem færi með reglulegu millibili upp á skilunardeild til að spjalla við þá sem eru í blóðskilun. Sú tillaga verður tekin upp á stjórnarfundum.

14. Fundarslit

- a. Fundi slitið klukkan 19:05.